

**555. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 22.
apríl 2020
og hófst hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM), Berglind Eir Egilsdóttir (BEE) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarmenn velkomna og athugar hvort athugasemdir séu við boðun fundarins, en svo var ekki. Oddviti lýsir fund nr. 555 lögmeitan.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2019 og endurskoðun - 2002172

Ársreikningur 2020, fyrri umræða.

Haraldur Reynisson frá KPMG, endurskoðandi Tálknafjarðarhrepps, kynnti ársreikning sveitarfélagsins 2019 í gegnum fjarfundarbúnað.

Samþykkt samhljóða að vísa ársreikningi 2019 til síðari umræðu í sveitarstjórn.

2. Heimsfaraldur COVID 19 - 2002265

Viðbrögð Tálknafjarðarhrepps vegna covid-19.

Vegna takmarkana á þjónustu Tálknafjarðarhrepps vegna aðgerða vegna Covid-19 samþykkir sveitarstjórn samhljóða eftirfarandi aðgerðir:

- 1. Ekki verður innheimt gjald fyrir þá þjónustu í grunnskóla sem ekki er nýtt á meðan takmarkanir vegna Covid-19 standa yfir.*
- 2. Ekki verður innheimt gjald fyrir þá þjónustu í leikskóla sem ekki er nýtt á meðan takmarkanir vegna Covid-19 standa yfir.*
- 3. Tímabundin aðgangskort í íþróttahúsi og sundlaug verða framlengd um þann tíma sem lokun vegna Covid-19 stendur yfir, óski viðskiptavinir þess.*
- 4. Lánstími bóka á bókasafni verður lengdur sem nemur þeim tíma sem safnið er lokað vegna Covid-19.*
- 5. Þá telur sveitarstjórn rétt að hátíðarhöld vegna Tálknafjörðs árið 2020 fari ekki fram í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu.*

3. Skipan í nefndir sem fulltrúi Tálknafjarðarhrepps - 2004630

Skipan sveitastjóra í trúnaðarstörf á vegum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir skipan sveitastjóra, Ólafs Þórs Ólafssonar, í eftirtalin trúnaðarstörf á vegum Tálknafjarðarhrepps:

Aðalmaður í Almannavarnarnefnd Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.

Aðalmaður á fundum Hafnarsambands Íslands.

Fulltrúi í samráðsvettvangi sóknaráætlunar.

Fulltrúi í vatnasvæðanefnd.

Fulltrúi í framkvæmdráði umhverfissvottunar Vestfjarða.

Fulltrúi í samráðshópi um innviðagreiningar.

555. fundur
24.04.2020

*Varamaður í stjórn Náttúrustofu Vestfjarða.
Varamaður í stjórn BsVest.*

Oddviti þakkar fundarmönnum fyrir góðan fund og slítur fundi kl. 12:10.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:10.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir
(BG)

Guðni Ólafsson (GÓ)

Björgvin Smári Haraldsson
(BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Berglind Eir Egilsdóttir (BEE)